



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **HEIMSÓKN FORSETA LITHÁENS HEFST KL. 15:00 Á BESSASTÖÐUM**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú taka á móti dr. Dalia Grybauskaitė forseta Litháens í dag fimmtudaginn 25. ágúst kl. 15:00 við hátíðlega athöfn á Bessastöðum að viðstöddum ráðherrum úr ríkisstjórn Íslands og embættismönnum. Í kjölfar athafnarinnar verður viðræðufundur forsetanna og munu þau síðan ræða við blaðamenn á Bessastöðum kl. 16:00.

Í kvöld bjóða forseti Íslands og forsetafrú til hátíðarkvöldverðar á Bessastöðum til heiðurs forseta Litháens.

Dagskrá morgundagsins 26. ágúst hefst með athöfn í Höfða til að minnst þess að þá verða liðnir nákvæmlega tveir áratugir frá því að utanríkisráðherrar landanna staðfestu að Íslendingar viðurkenndu fullt og óskorað sjálfstæði Litháens og annarra Eustrasaltsríkja með undirritun samkomulags um stjórn málasamband ríkjanna. Athöfnin hefst kl. 09:15 en samkomulagið var undirritað kl. 09:30 26. ágúst 1991. Jón Gnarr borgarstjóri í Reykjavík og forseti Íslands hafa boðið til þessarar athafnar m.a. þeim sem viðstaddir voru þennan atburð fyrir 20 árum auk þingmanna og embættismanna. Meðal dagskrárliða við athöfnina eru ávörp borgarstjórans í Reykjavík og forseta Litháens en jafnframt mun litháiski píanóleikarinn Mūza Rubackytė leika verk eftir landa sinn Mikalojus Konstantinas Čiurlionis og Arnór Hannibalsson ræðismaður Litháens á Íslandi taka við heiðursviðurkenningu frá forseta Litháens.

Frá Höfða liggur leiðin í samhæfingarmiðstöðina í Skógarhlíð þar sem Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri, Georg Lárusson forstjóri Landhelgisgæslunnar, Margrét Laxdal varaformaður Landsbjargar, Magnús Tumi Guðmundsson prófessor og Kjartan Þorkelsson sýslumaður

á Hvolsvelli kynna miðstöðina og viðbrögð við nýlegum eldgosum í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum. Heimsóknin í Skógarhlíð hefst kl. 10:35.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, tekur á móti hinum litháísku gestum í Alþingi klukkan 11:40 og býður þeim til hádegisverðarfundar með fulltrúum stjórnmalaflokka í utanríkismálanefnd.

Forseti Litháens flytur inngangserindi að hringborðsumræðum sem hefjast í Þjóðmenningarhúsinu kl. 13:20. Þátttakendur í umræðunum verða m.a. þingmenn, embættismenn, háskólafólk, fulltrúar félagasamtaka og fjölmiðla. Umræðunum stýrir Þóra Arnórsdóttir fréttamaður.

Að öðru leyti skal vísað til fréttatilkynningar sem forsetaskrifstofan sendi út í gær og finna má á heimasíðu forsetaembættisins.

25. ágúst 2011

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*